

# **Reglur um akademísk gestastörf við Háskólann á Akureyri**

## **samþykktar í háskólaráði 27. júní 2011**

### **1. Faglegar kröfur**

Fræðasviðum er heimilt, í umboði rektors, að bjóða völdum einstaklingum að gegna akademískum gestastörfum við fræðasviðin. Þeir sem valdir eru til að gegna akademískum gestastörfum skulu ótvírætt uppfylla sömu kröfur um faglegt hæfi og gerðar eru til þeirra sem starfa við kennslu og sjálfstæðar rannsóknir innan Háskólans á Akureyri.

### **2. Hæfismat**

Fræðasvið sem hyggjast bjóða völdum einstaklingum að gegna akademískum gestastörfum skulu ganga úr skugga um að þeir uppfylli ótvírætt lágmarkskröfur um hæfi sem gerðar eru til þeirra sem hafa samsvarandi starfsheiti innan Háskólans á Akureyri. Komist fræðasviðin að þeirri niðurstöðu að svo sé skulu þær senda niðurstöðu sína ásamt ferilskrá viðkomandi og stuttum skriflegum rökstuðningi til rektors sem tekur endanlega afstöðu til starfsveitingarinnar.

### **3. Fjöldi**

Fjöldi þeirra sem gegna akademískum gestastörfum á hverjum tíma skal ekki vera meiri en sem nemur 20% af heildarfjölda fastra kennara á viðkomandi fræðasviði/deild. Launaskrifstofa HA heldur skrá yfir þá sem gegna akademískum gestastörfum á hverjum tíma.

### **4. Leiðbeining í rannsóknatengdu framhaldsnámi**

Akademísk gestastörf fela í sér að viðkomandi séu viðurkenndir leiðbeinendur í rannsóknatengdu framhaldsnámi innan fræðasviða/deilda HA, enda uppfylli þeir þær kröfur sem Háskólinn á Akureyri gerir að þessu leyti.

### **5. Samningur**

Gera skal skriflegan samning um hvert akademískt gestastarf þar sem m.a. er kveðið á um gildistíma, gildissvið, fjárhagsleg samskipti, réttindi og skyldur hvors samningsaðila, eðli og inntak samstarfsins, s.s. hvort og að hvaða leyti það taki til rannsókna, kennslu og leiðbeiningar á grunn- og framhaldsstigi, setu í framhaldsnámsnefndum, stjórnun, birtingu vísindagreina í nafni beggja samningsaðila og kynningarmála, eftir því sem við á hverju sinni. Að jafnaði skal sú stofnun eða fyrirtæki sem viðkomandi gestakennari starfar hjá eiga aðild að samkomulaginu. Rektor og forsetar fræðasviða undirrita samningana fyrir hönd Háskólans á Akureyri.

### **6. Gildistími**

Öll akademísk gestastörf skulu vera tímabundin og að hámarki til 5 ára í senn. Að þeim tíma liðnum skal metið hvort bjóða eigi gestastarfið að nýju og skal þá gera um það nýjan samning.

## **7. Fjármál**

Akademísk gestastörf eru ekki launuð nema sérstaklega sé kveðið á um annað í samningi, sbr. lið 5.

## **8. Starfsheiti**

Íslensk heiti akademísku gestastarfanna eru gestalektor, gestadósent og gestaprofessor. Samsvarandi ensk þýðing á heitunum er Adjunct Assistant Professor [/Adjunct Lecturer]\*, Adjunct Associate Professor [/Adjunct Senior Lecturer]\* og Adjunct Professor. Heimilt er með samþykki rektors að nota önnur heiti, svo sem rannsóknaprófessor, rannsóknadósent og rannsóknalektor, ef um er að ræða viðamikla samstarfssamninga um kennslu og rannsóknir með þáttöku fleiri en einnar deildar.\*

\*breytt með ákvörðun háskólaráðs 21. mars 2013.

## **9. Siðareglur** Siðareglur Háskólans á Akureyri gilda um þá sem gegna akademískum gestastörfum.